



## Borgarráð

### Ártúnshöfði svæði 1 – Gatnagerð og lagnir 2023-2025

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við gatnagerð á Ártúnshöfða. Um er að ræða framkvæmdir á skipulagssvæði 1, Ártúnshöfða. Áætlaður kostnaður árána 2023-2025 er 2.323 m.kr.

#### Greinargerð:

Framkvæmdin felst í gerð gatna og veitukerfa fyrir nýtt íbúða- og þjónustuhverfi á núverandi iðnaðarsvæði á Ártúnshöfða. Um er að ræða upprif og förgun á núverandi yfirborði, losun klappar og lagnaskurða, jarðvegsskipti, gerð stoðveggja, lagningu fráveitu-, vatns- og hitaveitulagna, ásamt lagningu raf- og ljósleiðaralagna. Einnig gerð fyllinga og burðarlaga í götur, stíga og stéttar, ásamt uppsetningu götulýsingar og malbikunar.

Yfirborðsfrágangur gatna og borgarlands svæðisins er undanskilinn og verður boðinn út síðar í takti við uppbyggingarhraða byggðarinnar.

Verkkaupar eru umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, Veitur ohf., Míla ehf. og Ljósleiðarinn ehf.

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

Kostnaðaráætlun 2023-2025 er: 2.323 m.kr. og þar af er hluti Reykjavíkur 1.646 m.kr.

Áætlaður hluti Reykjavíkurborgar 2023 er 570 m.kr.

Áætlaður hluti Reykjavíkurborgar 2024 er 830 m.kr.

Áætlaður hluti Reykjavíkurborgar 2025 er 246 m.kr.

Kostnaðarstaður: 3104

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri  
*Umhverfis- og skipulagssvið*  
*Skrifstofa framkvæmda og viðhalds*

Hjálagt:  
Kynning



# Ártúnshöfði – svæði 1


Framkvæmdaútboð – gatnagerð og lagnir



# Lýsing á framkvæmd

- Framkvæmdin felst í gerð gatna og veitukerfa fyrir nýtt íbúða- og þjónustuhverfi á núverandi iðnaðarsvæði á Ártúnshöfða.
- Um er að ræða upprif og förgun á núverandi yfirborði, losun klappar og lagnaskurða, jarðvegsskipti, gerð stoðveggja, lagningu fráveitu-, vatns- og hitaveitulagna, ásamt lagningu raf- og ljósleiðaralagna.
- Einnig gerð fyllinga og burðarlaga í götur, stíga og stéttar, ásamt uppsetningu götulýsingar og malbikunar.







Fá reit 3 í uppbyggingu um leið og reit 8 til að losna við uppnám vegna jarðvinnu þegar íbúar eru komnir í hús á reitum 1,2 og 7.

### Forsendur uppbyggingar á lóðum

Klasi reiknar með að hús á reitum 1, 2 og 7 verði komin upp úr landi vor/haust 2023.  
Reitir 8 og 9 fari í uppbyggingu 2024 og reitir 3 2025.  
Reitir 5 og 6 fara seinna í uppbyggingu.  
Þorpið reiknar með að fara á þessu ári í uppbyggingu á reitum 11, 12a og 12b og byrjað verður á reit 12b og svo verði um 6 mánuðir á milli þess sem farið verði í reitina.  
Reykjavíkurborg er með reiti 10A, B og C og ekki er vitað hvenær þeir fari í uppbyggingu.

	Uppbygging hefst 2023
	Uppbygging hefst 2024
	Uppbygging hefst 2025
	Uppbygging hefst 2025+

	Gatnagerð 2023
	Gatnagerð 2024



# Kostnaðaráætlun

- Verkkaupar:
  - Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
  - Veitur ohf.
  - Míla ehf.
  - Ljósleiðarinn ehf.
- Heildarkostnaður: 2.323 m.kr.
  - Hluti Reykjavíkurborgar: 1.646 m.kr.
    - 2023: 570 m.kr.
    - 2024: 830 m.kr.
    - 2025: 246 m.kr.





Reykjavík